



# FJÖLBRAUTASKÓLI SUÐURLANDS

Tryggvagötu 25 • 800 Selfoss • Sími 480 8100 • Fax 480 8188 • Kennitala 491181-0289 • Netfang fsu@fsu.is • Veffang www.fsu.is

## 213. fundur skólanefndar Fjölbautaskóla Suðurlands – haldinn 12. október 2021 kl.

13:00

Mætt: Geirmundur Sigurðsson (fulltrúi foreldra), Guðríður Egilsdóttir (fulltrúi kennara), Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir (formaður), Jón G. Valgeirsson (varaformaður), Olga Lísa Garðarsdóttir (skólameistari), Samúel Örn Erlingsson, Sigríður Anna Guðjónsdóttir, Sigurður Einar Guðjónsson og Sigursveinn Sigurðsson (aðstoðarskólameistari).  
Sólbjörg Lind Björgvinsdóttir (fulltrúi nemenda) boðaði forföll.

Gestir: Björgvin E. Björgvinsson (áfangastjóri) og Haraldur Eiríksson (fjármálastjóri).

### Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Tölfræði haustannar 2021 - BEB áfangastjóri
3. Staða fjármála - HE fjármálastjóri
4. Ytri úttekt á haustönn 2021 - OLG
5. Ýmis mál er varða upphaf skólaársins - OLG/SMS
6. Vettvangsferð í kennslueldhús.

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar staðfest með undirskrift fundarmanna.

### 2. Tölfræði haustannar 2021 – BEB áfangastjóri

Áfangastjóri kynnir nokkrar tölur frá haustönn 2021. Meðal þess sem þar kom fram er að fjöldi nýnema var 257 og er það mesti fjöldi sem hefur sést við skólann. Heildarfjöldi nemenda í dagskóla er 894. Þá eru nokkuð fleiri nemendur karlkyns en kvenkyns við skólann (55,7% og 44,3%). Kynjaskiptingin á brautir er enn ójöfn, en þó er það að breytast á ákveðnum brautum (sérstaklega í rafvirkjun) þó það gerist hægt.

Þá er rétt rúmlega helmingur nemenda skólaans frá sveitarféluginu Árborg. Þá var farið yfir fjölda nemenda á hverri braut fyrir sig. Flestir nemendur eru enn skráðir á opna línu stúdentsbrautar. Sérnámsbrautin er einnig óvenju fjölmenn á þessari önn.

Rætt um stöðu eldri nemenda og aðgengi að starfsnámi. Námsframboðið í kvöldskóla er á vissan hátt svar við þörfum þessa hóps.

Haraldur Eiríksson



# FJÖLBRAUTASKÓLI SUÐURLANDS

Tryggvagötu 25 • 800 Selfoss • Sími 480 8100 • Fax 480 8188 • Kennitala 491181-0289 • Netfang [fsu@fsu.is](mailto:fsu@fsu.is) • Veffang [www.fsu.is](http://www.fsu.is)

Hátt í þriðjungur nemenda í dagskóla er skráður í starfsnám.

Rætt um grunnnám matvæla og ferðagreina, tveggja anna nám. Er einnig kennd í MK og VMA. Tókst ekki að ná í hóp núna í vetur. Stefnt á að leggja meiri áherslu á kynningarmálín á næstunni. Mun vonandi skila sér í meiri aðsókn á brautina næsta ári.

Þá kom fram að hér við skólann eru nemendur með alls 14 ríkisföng. Staða þeirra í náminu er með ýmsum hætti. Ýmislegt er gert til að styrkja námslega stöðu viðkomandi nemenda.

Spurt um aðsókn grunnskólanemenda í nám við skólann. Sl. vor var boðið upp á einingabæra kynningaráfanga í hárgreiðslu og rafvirkjun, auk fjarnámsáfanga í dönsku, ensku og stærðfræði.

## 3. Staða fjármála – HE fjármálastjóri

Haraldur, fjármálastjóri skólans, fór yfir nokkur atriði sem tengjast rekstrarstöðu skólans. Í dag lítur út fyrir að halli ársins gæti orðið 75 milljónir. Þó getur sú tala breyst þegar nær dregur áramótum. Bæði á eftir að taka inn tölur yfir launagreiðslur septembermánaðar og þá er einnig von til að skólinn fái aukinn fjölda nemenda bættan frá hinu opinbera. Þá var farið yfir skiptingu rekstrargjalda skólans. Hlutfall launa í þeirri tölu er um 75% og er það nokkuð minna en áður.

Vinna er hafin við fjármálaáætlun næsta árs. Mikil óvissa enn þá um stöðuna, enn ekki búið að skipa ríkisstjórn.

Spurt um uppsafnaðan afgang af rekstri skólans, var rúmlega 200 milljónir fyrir nokkrum árum sem var að hluta tekinn til baka, en mun klárast á þessu ári.

Mikil fólksfjölgun hefur átt sér stað á upptökusvæði skólans og ekki hefur enn verið tekið tillit til þess að fullu í viðmiðunartölum hins opinbera.

Velta skólans árið 2021 er um 1700 milljónir, þar af eru laun um 1250 milljónir.

Spurt um veikindi kennara og kostnað. Er ekki meiri en áður, en bar brátt að og þurfti að leysa með aukinni yfirvinnu annara kennara.

## 4. Ytri úttekt á haustönn 2021 – OLG

Olga sagði frá ytri úttekt mun fara fram síðar í október.

OKA



# FJÖLBRAUTASKÓLI SUÐURLANDS

Tryggvagötu 25 • 800 Selfoss • Sími 480 8100 • Fax 480 8188 • Kennitala 491181-0289 • Netfang [fsu@fsu.is](mailto:fsu@fsu.is) • Veffang [www.fsu.is](http://www.fsu.is)

Til stóð að skólinn færi í úttekt í fyrra en því var frestað vegna Covid faraldursins.

Matsmennirnir tveir eru annars vegar Margrét Friðriksdóttir og hins vegar Unnar Örn Þorsteinsson. Skólinn tók saman ýmis gögn sem voru send til matsaðila í byrjun október, sem eru svo væntanlegir í skólann 28. og 29. október og fá þá hina ýmsu aðila skolasamfélagsins í viðtöl. Í kjölfarið verður birt skýrsla um úttektina.

## 5. Ýmis mál er varða upphaf skólaársins – OLG/SMS

Olga sagði frá nokkrum þáttum sem hafa verið í gangi í byrjun haustannar.

Ný upplýsingaöryggisstefna hefur verið í vinnslu og verður gefin út innan skamms.

Rekstur heimavistar gengur ágætlega. Þar eru nú 14 nemendur. Segja má að heimavistin sé fullnýtt. Fyrirkomulagið er ekki með hefðbundnum hætti, m.a. er ekki sólarhringsgæsla á staðnum. Húsnæðið er þó vel vaktað. Hefur gengið vel, nemendur fara eftir reglum.

Starfsmaður er á staðnum á daginn og sér m.a. um þrif.

Skólinn átti 40 ára afmæli 13. september sl. Búið var að skipa afmælisnefnd sem hafði unnið að undirbúningi en formlegum hátíðarhöldum var frestað vegna stöðu sóttvarnarmála.

Kaffiboð var á föstudagi fyrir starfsmenn. Nemendur gerðu sér dagamun á afmælisdeginum sjálfum. Til stendur að halda upp á afmælið á næsta ári. Rætt hvort eigi að halda upp á afmælið á vorönn eða á afmælisdeginum 13. september 2022 (þriðjudagur) en engin ákvörðun tekin.

Haldinn var dansleikur í Hvítá húsinu fyrir aldurshópinn 16-20 ára. Skólinn kom ekki að skemmtanahaldinu hraðpróf vegna Covid á vegum HSu hafi farið fram í skólanum.

Söngvakeppni nemendafélagsins verður haldin í Iðu fimmtudaginn 11. nóvember nk.

Sóttvarnarreglur eru enn í gildi en þó hefur grímunotkun nemenda minnkað mikið að undanförnu.

Unnið er áfram að innleiðingu grænna skrefa í ríkisrekstri. Fengum afhent þriðja skrefið í sumar og erum að vinna að því fjórða. Flokkun úrgangs hefur verið í brennidepli að undanförnu. Ýmsar hindranir sem þarf að yfirstíga í þeim málaflokki. Hvatt til þess að vinna í þessum málum með nemendum.

Nýtingin á mótneytinu er nokkuð góð, ágætis velta er á rekstrinum.

OLG



# FJÖLBRAUTASKÓLI SUÐURLANDS

Tryggvagötu 25 • 800 Selfoss • Sími 480 8100 • Fax 480 8188 • Kennitala 491181-0289 • Netfang [fsu@fsu.is](mailto:fsu@fsu.is) • Veffang [www.fsu.is](http://www.fsu.is)

## 6. Önnur mál

Spurt um stöðu mála á tilfærslu garðyrkjunámsins til FSU. Stjórnendur skólans fara aftur í heimsókn að Reykjum á næstunni. Ýmis atriði enn óljós.

## 7. Vettvangsferð í kennslueldhús

Endað á því að fara í vettvangsferð í nýtt kennslueldhús skólans, sem var tekið í notkun sl. veturn.

Næsti fundur er fyrirhugaður föstudaginn 3. desember kl. 11:00

Fundi slitið kl. 14:30

Fundarritari Sigursveinn Sigurðsson

Jóhann Þeófihannsdóttir  
Guðrún Ólafsdóttir  
Jón S. Sigurðsson  
Guðrún Ólafsdóttir  
SIGURÐAUR ANNA GUÐRÚNÐÓTTIR  
Seimur Þorsteinn  
Óla Þóra Gertarsdóttir  
Sigursveinn Sigurðsson